

Fimmtudaginn 2. mars 1995.

Nr. 191/1994.

Tómas A. Tómasson

(Skúli Th. Fjeldsted hrl.)

gegn

Jóni Oddssyni

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. apríl 1994. Hann gerir þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda, en til vara, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mál þetta var tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð 8. september 1993. Það var endurupptekið 31. janúar 1994, og var þá eftirfarandi bókað: „Lögmenn aðila telja ekki þörf á endurflutningi málsins með vísan til 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991, og er nú kveðinn upp í því svohljóðandi dómur: . . .“ Í héraðsdómi er sagt, að dráttur á dómsuppsögu hafi orðið vegna embættisanna dómara.

Samkvæmt framansögðu var málið endurupptekið og dæmt án munnlegs málflutnings að nýju, er fjórir mánuðir og tuttugu og þrír dagar voru liðnir frá aðalmeðferð. Í 1. mgr. 191. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði var sagt, að venjulega skyldi kveða upp dóma í munnlega fluttum málum, áður en annað mál yrði tekið til flutnings og jafnan svo fljótt sem við yrði komið. Í skriflega fluttum málum skyldi dómi lokið á mál eigi síðar en þremur vikum eftir dómtöku. Samkvæmt 1. mgr. 115. gr. núgildandi laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 skal dómur kveðinn upp svo fljótt sem unnt er. Hafi dómur ekki verið kveðinn upp í munnlega fluttu máli innan fjögurra vikna frá dómtöku þess, skal það flutt að nýju, nema dómari og aðilar telji það óþarft. Í athugasemdum með frumvarpi til hinna nýju laga kemur fram, að um nokkuð breyttar reglur sé að ræða frá hljóðan eldri ákvæða, en í framkvæmd hafi þó verið beitt

verklagi, er svipi mjög til ákvæða 1. mgr. 115. gr. Er þá til þess að líta, að Hæstiréttur hefur mótað þá dómvenju um langt árabil, að héraðsdómar hafa einlægt verið ómerktir, ef uppsaga þeirra hefur dregist úr hömlu.

Svigrúm héraðsdómara og lögmanna aðila til samkomulags um, að ekki sé þörf á að endurflytja mál, ef uppsaga þess dregst umfram fjórar vikur frá dómtöku, verður samkvæmt framansögðu að sæta takmörkunum. Með hliðsjón af fordæmum Hæstaréttar þykir rétt að líta svo á, að héraðsdómur verði að jafnaði ekki kveðinn upp að réttu lagi án raunverulegs endurflutnings, ef liðnar eru átta vikur frá munnlegum málflutningi, enda getur hann ekki komið að því gagni, sem til er ætlast, þegar dómsuppsaga dregst svo lengi.

Af þessum sökum verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu að nýju.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og uppsögu dóms að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.
